



530. Stjórnarfundur haldinn 6. nóvember 2019 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB) og Jónína Steinunn Helgadóttir (JH).
Fjarverandi: Eva Björk Sveinsdóttir (ES) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Ásbirni Jónssyni varðandi Hringbraut 108. Afsal er klárt til þinglýsingar og er hjá sýslumanni. *Framkvæmdastjóra falið að skoða málið.*

3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á Friðjón Einarsson vegna þinglýsingar á afsali af Hringbraut 108. Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir deilda.

4. Framtíðarsýn Keflavíkur

Fundur um framtíðarsýn Keflavíkur 12. nóvember með þremur fulltrúum frá hverri deild. Umræður Urðu um máli hvert ætti að stefna og hvar erum við að sjá félagið eftir fimm til tíu ár og eru menn þá að tala um innra starfið, íþróttamannvirki og annað sem tengist. *Ákveðið að heyra í Skúla Þ. Skúlasyni um að vera fundarstjóri en hann hefur verið formaður framtíðarnefndar félagsins.*

5. Jólblað Keflavíkur

Búið er að senda á deildir um að senda inn greinar í jólblaðið og er skilafrestur til 10. nóvember. Auglýsingasöfnun nánast lokið. Reiknað er með því að blaðið verði borðið út 6. – 8. desember.

6. Heimasíða Keflavíkur

Umræður um heimsíðu félagsins en vefumhverfið er komið til ára sinn. *Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við deildir og huga að nýrri heimasíðu í nýju vefumhverfi.*

7. Hringbraut 108

Afsal er klár til þinglýsingar og er hjá sýslumanni. *Framkvæmdastjóra falið málið.*

8. Önnur mál

EH átti fund með Ólafi Hrafni Steinarssyni formanni Rafiþróttasamtaka Íslands, Adda og Jónasi Guðna Sævarssyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar
Formannafundur ÍRB 7. október kl. 18:00

Næsti fundur 21. nóvember kl.18:00

Fundi slitið kl. 19:15.

Fundinn ritaði BS.

